

Skólaráðsfundur í Flataskóla 17. apríl 2023

Haldinn í fundarherbergi skólans kl. 15:15

Mættir: Ágúst Jakobsson skólastj., Hanna Lóa Friðjónsdóttir fltr. kennara, Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Guðrún Yrsa Richter fltr. foreldra, Sólveig Auður Bergmann fltr. foreldra í leikskóladeild, Edda Gíslrún Kjartansdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Húsnæðismál – staða mála

Leikskóladeild skólans flutti „heim“ sl. föstudag og hóf starfsemi í útistofunum í dag. Þá eru allir nemendur skólans loks komnir aftur á svæðið. Í vikunni verða tvær kennslustofur afhentar og þá er framkvæmdum innanhúss hjá okkur lokið í bili nema að áfram er unnið að hreinsun úr smíðastofu og sal. Útboðsgögn vegna framkvæmda við skólann í sumar eru í vinnslu og hafa skólastjórnendur óskað eftir að fá að yfirfara þau áður en verkið verður boðið út.

Tímabært að halda næsta samráðsfund, skólastjóri mun ýta á það.

Rætt um hvort örugglega hafi verið gert allt sem þurfti að gera varðandi stofu V-114, skólastjóri mun kanna það mál.

Upplýsingar um þróun heilsufarseinkenna hjá starfsfólki og nemendum eru beggja blands, sumir telja einkenni vera að réna en aðrir finna enga breytingu.

2. Húsnæðismál – horfur fyrir næsta skólaár

Farið yfir hugmyndir að niðurröðun í húsið næsta skólaár. Skólastjóri hefur óskað eftir athugun á hvort hægt sé að koma upp heimilisfræðistofu í V-114. Ljóst er að halda þarf vel á spilum þannig að framkvæmdum verði lokið þegar skóli hefst að nýju eftir sumarleyfi.

3. Aðrar horfur fyrir næsta skólaár

Fyrirséð er að nemendum skólans mun fækka um u.þ.b. 70 milli skólaára sem er um 18% fækkun. Í grunnskólahlutanum koma um 30 nemendur inn í 1. bekk en 72 verða útskrifaðir úr 7. bekk og með niðurlagningu leikskóladeildar fækkar um liðlega 30 nemendur. Það stefnir því í að liðlega 330 nemendur verði í Flataskóla næsta vetur. Uppröðun í kennsluteymi er í vinnslu og stefnt að niðurstöðu fyrir 1. maí. Að öðru leyti verður miðað við svipaðar áherslur og verið hefur varðandi kennslutíma, uppsetningu stundatöflu o.þ.h.

4. Skóladagatal 2023-2024

Farið yfir smávægilega breytingu á dagatalinu frá síðustu skoðun, sem snýr að fækkun uppbrotsdaga að vori og tilfærslu á Flataskólaleikum. Skólaráð staðfesti skóladagatalið einróma.

5. Skóladagatal þessa skólaárs – breytingar á vordögum

Hugmynd um smávægilega breytingu á dagatali þessa árs, sambærilegt því sem niðurstaðan varð varðandi næsta skólaár, þ.e. að fækka uppbrotsdögum um einn og færa Flataskólaleikana á síðasta dag fyrir skólaslit. Skólaráð gerir ekki athugasemd við breytinguna en leita þarf samþykkis kennara varðandi breytingu á uppbrotsdegi.

7. Önnur mál

Matur – eftir að fara yfir niðurstöður foreldrakönnunar með Matartímanum.

Næsti fundur verður mánudaginn 15. maí.